

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við c-lið 8. gr.
 - a. Í stað orðanna „eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns, sbr. a–d-liði 2. mgr. 13. gr. a“ í 2. efnismásl. komi: bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. a–e-liði 2. mgr. 13. gr. a.
 - b. Í stað orðanna „eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns“ í 3. efnismásl. komi: bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.
2. Við 9. gr.
 - a. Á eftir d-lið 2. efnismgr. komi nýr stafliður, e-liður, sem orðist svo: sá tími er foreldri fær tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldri sótt um þær til Tryggingastofnunar ríkisins.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hvort foreldri hefði átt rétt á tekjutengdum greiðslum samkvæmt III. kafla laganna hefði það sótt um slíkar greiðslur.
3. Á eftir orðunum „eftirlitinu með framkvæmd laganna“ í b-lið 13. gr. komi: enda hafi umsækjandi verið upplýstur um það.